



Fréttir af mörkuðum

Inni á vef Ferðamálaráðs, www.ferdamalarad.is er nú að finna nýja pistla frá svæðisstjórum Ferðamálaráðs í Bandaríkjunum og Þýskalandi, þeim Einari Gústavssyni og Hauki Birgissyni, og frá Sigrúnu Sigurðardóttur, markaðsfulltrúa á Bretlandsmarkaði. Þar fara þau yfir stöðuna á markaðssvæðum sínum, hver þróunin hefur verið síðustu mánuði og hvað sé framundan. Hjá þeim kemur margt athyglisvert fram sem vert er að kynna sér, enda ýmislegt gengið á í ferða-geiranum síðustu misseri.

Pistlana má finna undir liðnum

„Markaðsverkefni>Frá svæðisstjórum.“



Án efa verður víða sullen í sumar

Ný stefnumótun fyrir íslenska ferðapjónustu

Frá árinu 1996 hefur ferðapjónustan unnið eftir stefnumótun sem nær til ársins 2005. Nú er hins vegar hafinn undirbúningur að nýrri stefnumótun fyrir íslenska ferðapjónustu 2005-2015.

Samgönguráðherra hefur á undanförmum misserum látið vinna mikla undirbún-

ingsvinnu sem lögð verður til grundvallar við gerð umræddrar stefnumótunar. Þar má m.a. nefna skýrslur um menningartengda ferðapjónustu, heilsutengda ferðapjónustu, „Auðlindina Ísland“ og skýrslu framtíðarnefndar ferðapjónustunnar. Samgönguráðherra hefur nú ritað ferðamálastjóra bréf þar

sem hann felur honum „að hefja undirbúning að gerð nýrrar stefnumótunar fyrir íslenska ferðapjónustu er nái fram til ársins 2015,“ eins og segir orðrétt.

Mikið og krefjandi verkefni

Magnús Oddsson, ferðamálastjóri, segir að þetta sé mikið og krefjandi verkefni og gaman að takast á við það nú öðru sinni. „Fyrsta heildarstefnumótunin fyrir íslenska ferðapjónustu af hálfu stjórnvalda var unnin á árunum 1995-1996 og nær hún fram til ársins 2005. Ég var formaður stýrihópsins sem stjórnaði þeirri vinnu og við unnum þetta með fjölmörgum undirhópum sem sáu um afmarkaða þætti. Alls komu þá um 200 manns að þeirri vinnu með formlegum hætti.

Síðan hefur Ferðamálaráð unnið að framkvæmd þeirrar stefnumótunar sem hefur verið mjög ánægjulegt verkefni í samstarfi við greinina. Nú mun ég nota sumarmánuðina til að undirbúa gerð næstu stefnumótunar í samræmi við það sem segir í bréfi samgönguráðherra; stefnumótun sem ætlað er að verða vegvísir fyrir greinina næstu 10 árin,“ segir Magnús.

Norræna komin á skrið

Áætluð ferðir nýrrar Norrænu hingað til lands hófust 15. maí sl. Skipið hefur reynst vel í alla staði en um algera byltingu er að ræða því hin nýja Norræna er meira en tvöfalt stærri en sú gamla. Skipið er 165 metrar á lengd, ber 1.500 farþega og allt að 800 bíla.



Ný Norræna við bryggju á Seyðisfirði.

Vegna stærðar skipsins þurfti að ráðast í verulegar hafnarbætur og á Seyðisfirði var gerð ný höfn fyrir um 600 milljónir króna. Nýja ferjulægið er m.a. með 15 metra háum turni með landgangi svo farþegar ganga um borð innandyra. Öll aðstaða um borð er sérlega glæsileg. Í skipinu eru sjö tegundir íbúða. Þar er að finna íþróttastöðu og sundlaug, veglega veitingasali, bari og dansstað, fundaaðstöðu, leiktækjasali og verslanir af ýmsu tagi, svo eitthvað sé nefnt. Norræna kemur 18 sinnum til Seyðisfjarðar í sumar og verður síðasta ferðin 11. september. Er áætlað að um 12-15.000 manns taki sér far með ferjunni hingað til lands.

Nýtt skipurit Ferðamálaráðs

Í febrúar sl. tóku gildi skipulagsbreytingar á Ferðamálaráði Íslands. Samkvæmt nýju skipuriti var starfsemi stofnunarinnar skipt upp í þrjú svið. Mesta breytingin fólst í stofnun á nýju sviði, markaðssviði, en undir það heyrja öll markaðsmál, jafnt innlend sem erlend.

Breytingin var gerð í kjölfar þess að samningur um Markaðsráð ferðaþjónustunnar rann út í lok síðasta árs eftir fjögurra ára gildistíma. Í því ljósi beindi samgönguráðherra, Sturla Böðvarsson, því til Ferðamálaráðs að þessi lögbundni málaflokkur stofnunarinnar, þ.e. markaðs- og kynningarmál, yrði eflur. Til að verða við tilmælum ráðherra, og jafnframt til að gera Ferðamálaráð enn betur í stakk búið til að sinna verkefnum sínum, var unnið skipurit fyrir stofnunina þar sem starfseminni var skipt upp í þrjú svið, sem fyrr er sagt. Með því er leitast við að gera vinnu ráðsins skilvirkari og línur á milli mismunandi málaflokka stofnunarinnar skýrari. Segja má að hér sé verið að festa á blað í aðalatriðum það verk-


lag sem unnið hefur verið eftir í stofnuninni en með samþykki ráðsins var það formlega staðfest. Þannig hefur verið rennt styrkari stöðum undir núverandi starfsemi Ferðamálaráðs, auknar áherslur lagðar á meginmálaflokka og búið í hagin fyrir nýja.

Markaðssvið

Landkynningar- og markaðsmál voru styrkt með stofnun á nýju markaðssviði. Öll markaðsmál, jafnt innlend sem erlend, heyrja undir sviðið, þ.á.m. kynningarskrifstofur Ferðamálaráðs í New York, Frankfurt og fyrirhuguð skrifstofa í Kaupmannahöfn. Forstöðumaður sviðsins var ráðinn Ársæll Harðarson.

Upplýsinga- og þróunarsvið

Skrifstofa Ferðamálaráðs Íslands á Akureyri fékk nafnið upplýsinga- og þróunarsvið.



Meðal verkefna eru upplýsingamál, gerð gagnagrunns, umhverfismál, fræðslumál, vefþróun og -viðhald, rannsóknir, flokkun gististaða o.fl. Forstöðumaður er Elías Bj. Gíslason.

Rekstrar- og stjórnsýslusvið

Þriðja sviðið er rekstrar- og stjórnsýslusvið og þar er Magnús Oddsson ferðamálastjóri jafnframt forstöðumaður. Undir sviðið heyrja m.a. rekstur og fjármál, skipulag og áætlanagerð, lögbundin stjórnsýsluverkefni, umsjón með samningagerð, kannanir, leyfismál, fjölpjódlegt samstarf o.fl.

Þrjú flugfélög í ferðum allt árið

Um þessar mundir bjóðast fleiri valkostir í flugsamgöngum til og frá landinu en oftast áður. Í sumar verða í ferðum þrjú flugfélög sem eru með áætlunarflug allt árið á stefnuskrá sinni og a.m.k. 5 til viðbótar sem halda uppi áætlun yfir sumartímann.

Framboð Icelandair er sýnu mest, bæði hvað varðar tíðni og fjölda áfangastaða en 15 borgir erlendis eru á flugáætlun félagsins í sumar til og frá Keflavík. Þetta eru Amsterdam, Baltimore, Barcelona, Boston, Frankfurt, Glasgow, Kaupmannahöfn, London, Milano, Minneapolis, New York, Osló, París, Stokkhólmur og Washington. Tíðastar eru ferðir til Kaupmannahafnar, allt að 14 sinnum í viku og til London, allt að 10 sinnum í viku. Ekki er flogið sjaldnar en tvisvar í viku til neins áfangastaðar.

Önnur flugfélög sem bjóða upp á áætlunarflug allt árið eru annars vegar Iceland Express, sem flýgur daglega á milli Keflavíkur og Kaupmannahafnar og Keflavíkur og London, og hins vegar Grænlandsflug sem flýgur tvisvar í viku á milli Akureyrar og Kaupmannahafnar

Góðar flugsamgöngur við Evrópu

Akureyri er þó ekki eini flugvöllurinn utan Keflavíkur sem nýtur beinna samgangna við útlönd því líkt og í fyrra mun LTU halda uppi flugi á milli Düsseldorf og Egilsstaða í



Vél Grænlandsflugs á Akureyrarflugvelli.

sumar, með millilendingu í Keflavík. Félagið hefur haldið uppi áætlunarflugi hingað til lands yfir sumartímann frá árinu 1995 í

samvinnu við ferðaskrifstofuna Terra-Nova Sól. Áætlun LTU í sumar gerir annars ráð fyrir flugi tvisvar í viku á milli München og Keflavíkur og þrisvar á milli Düsseldorf og Keflavíkur, að Egilsstaðafluginu meðtöldu.

Terra-Nova Sól er einnig með umboð fyrir fleiri flugfélög og í sumar býður félagið samtals upp á 15 flug í viku til 8 mismunandi staða í Evrópu. Auk áætlunar LTU er um að ræða þýska flugfélagið Aero Lloyd sem flýgur vikulega til og frá Vín, Berlín, Frankfurt og München, þýska flugfélagið Condor sem flýgur einu sinni í viku til og frá Frankfurt og München, franska flugfélagið Corsair sem flýgur tvisvar í viku til og frá París og loks Futura Airlines sem flýgur vikulega til og frá Barcelona í samvinnu við Heimsferðir og Terra-Nova Sól.

Hér hafa verið nefnd flugfélög sem telja má að séu með áætlunarferðir en hægt væri að bæta talsvert við þennan lista ef leiguflyg í tengslum við sólarlandaferðir, borgarferðir og ýmsar sérferðir væru talin með.

Góð reynsla af flokkun gististaða

Góð reynsla er nú komin á flokkunarkerfi fyrir gististaði sem Ferðamálaráð Íslands tók að sér að hafa umsjón með og verið hefur í gangi frá árinu 2000. Um heim allan eru gestir vanir að hafa stjórnugjöf til viðmiðunar þegar þeir velja sér gististað og slík flokkun kemur sér vel fyrir bæði gesti og gististaði. Flokkunin er yfirgripsmikil og tekur yfir á annað hundrað mismunandi atriði. Þannig getur hún reynst gististöðum mikilvægt hjálpartæki til að bæta þjónustu sína. Allir gististaðir á Íslandi sem eru með tilskilin leyfi geta óskað eftir því að vera flokkaðir. Skrifstofa Ferðamálaráðs Íslands á Akureyri tekur við umsóknum um flokkun og veitir nánari upplýsingar í síma 461-2915 eða í gegnum netfangið upplýsingar@icetourist.is. Hér að neðan er listi yfir þá 46 gististaði sem þegar hafa verið flokkaðir en þeir hafa á boðstólnum um 45% gistirýmis í landinu. Nánari upplýsingar má finna á vef Ferðamálaráðs, www.ferdamalarad.is



Hótel Ísafjörður
 FB - Gistihúsið Staðarskáli
 Hótel Tindastóll
 Hótel - Fosshótel Húsvík
 Hótel - Sel Hótel Mývatn
 Hótel Hérað Icelandair Hotels
 Hótel Höfn
 Hótel Edda plús, Vík
 Hótel Flúðir Icelandair Hotels
 Hótel Kirkjubæjarkl. Icelandair Hotels

Fjögurra stjörnu:

Hótel - CenterHotel Skjaldbreið
 Hótel - Grand Hótel Reykjavík
 Hótel - Radisson SAS Hótel Saga
 Hótel Borg
 Hótel Loftleiðir Icelandair Hotels
 Hótel Nordica Icelandair Hotels
 Hótel Flughótel Icelandair Hotels
 Hótel Keflavík
 Hótel Óðinsvé
 Hótel KEA
 Hótel Reynihlið
 Hótel Rangá Icelandair Hotels

Þriggja stjörnu:

Hótel - CenterHotel Klöpp
 Hótel - Icelandic City Hotel
 Hótel - Radisson SAS Hótel Ísland
 Hótel Frón
 Hótel Reykjavík
 Hótel Borgarnes
 Hótel Edda plús, Hellissandur
 Hótel Edda plús, Laugar

Tveggja stjörnu:

Gistiheimilið Baldursbrá
 Gistihúsið Flóki
 Hótel Edda, Laugar
 Gistiheimili - Gamla gistihúsið
 Gistiheimilið VEG-gisting
 Hótel Edda, Núpur
 Hótel Ísafjörður - Sumarhótel
 Hótel Edda, Húnavellir
 Hótel Edda, Laugarbakki
 Hótel Edda, Akureyri
 Hótel Edda, Stórutjarnir
 Hótel Edda, Eiðar
 Hótel Edda, Egilsstaðir
 Hótel Edda, Neskaupstaður
 Hótel Edda, Nesjaskóli
 Hótel Edda, ÍKÍ Laugarvatn
 Hótel Edda, ML Laugarvatn
 Hótel Edda, Skógar

Bíða flokkunar:

Hótel Selfoss Icelandair Hótel
 Hótel Örk

Íslandsbæklingurinn 2004

Undirbúningur fyrir útgáfu á Íslandsbæklingi Ferðamálaráðs sem gilda mun fyrir árið 2004 er nú hafinn. Bæklingurinn er mikilvægur liður í markaðssetningu Íslands sem ferðamannalands en hann hefur verið gefinn út á 10 tungumálum og dreift í um 350 þúsund eintökum víðsvegar um heim.

Leitað er eftir þátttöku ferðaþjónustuaðila í kostnaði við gerð

bæklingins en aftast í honum er að finna upplýsingasiður þar sem viðkomandi gefst kostur á að fá birt gegn gjaldi nafn fyrirtækisins, síma- og faxnúmer, netfang og heimasíðu. Öllum aðilum sem skráðir eru í gagnagrunn Ferðamálaráðs hefur verið sendur póstur með boði um þátttöku og er verið að leita eftir staðfestingum þessa dagana.

Aukinn skilningur á mikilvægi upplýsingamiðstöðva

Þróunarverkefni Ferðamálaráðs um upplýsingamiðstöðvar heldur áfram og eru landshlutamiðstöðvar nú orðnar níu talsins og landamæra- og stöðvar tvær. Þessar stöðvar eru í Reykjanessbæ, Reykjavík, Borgarnesi, Ísafirði, Varmahlíð, Akureyri, Egilsstöðum, Höfn og Hveragerði. Landamæra- og stöðvarnar eru á Seyðisfirði og í Leifstöð.

„Skilningur á mikilvægi upplýsingagjafar í ferðaþjónustu og á nauðsynlegri uppbyggingu upplýsingamiðstöðva hefur aukist til muna og eiga bæði sveitarstjórnarmenn og alþingismenn heiður skilinn fyrir jákvæð viðbrögð við þessu víðamikla verkefni,“ segir Pétur Rafnsson, verkefnisstjóri hjá Ferðamálaráði.

Fyrirmynd á Suðurlandi

Fyrirmynd upplýsingamiðstöðva landsins sem unnið er að á Suðurlandi byggist á þróun móðurstöðvar (landshlutastöð) og nokkurra undirstöðva (svæðastöðvar). Unnið hefur verið að því nú undanfarið að skilgreina samstarf milli svæðastöðva og samhengis þeirra við móðurstöðina. Einnig er unnið að því að skýra og skilgreina ábyrgð og eignaraðild að móðurstöðinni í Hveragerði. Það eru sveitarfélögin á Suðurlandi með Atvinnuþróunarsjóð Suðurlands sem fulltrúa sinn sem vinna að gerð samnings um rekstur og ábyrgð á landshlutastöðinni í Hveragerði við Hveragerðisbæ og Ferðamálasamtök Suðurlands. Þetta verk er langt komið og mun að lokum skýra til muna alla ábyrgð á framtíð upplýsingamiðstöðva á Suðurlandi.

Síðan fer í hönd vinna við að útskýra þessa fyrirmynd fyrir sveitarstjórnarmönnum, fyrirtækjum og samtökum í ferðaþjónustu í öðrum landshlutum og virkja með því samtakamátt þeirra til að fara eftir þessari fyrirmynd og þróa áfram í hverjum landshluta. Samkvæmt verkáætlun þróunarverkefnis Ferðamálaráðs um upplýsingamiðstöðvar og upplýsingagjöf frá árinu 2000 var reiknað með að kerfi upplýsingamiðstöðva á landinu yrði komið í ákveðið horf árið 2004. Bendir að sögn Péturs allt til að svo megi verða.

Nýjar aðferðir í markaðssetningu Íslands

Á fjárlögum fyrir árið 2003 samþykkti Alþingi að veita 300 milljónum króna til markaðssóknar íslenskrar ferðaþjónustu. Hefur ekki áður meiri fjármunum verið varið til þessa málaflokks á einu ári og var tilgangurinn að gera þennan þátt enn umfangsmeiri en verið hefur. Á árunum 1999 til 2002 var ráðstöfun þeirra fjármuna sem hið opinbera úthlutaði í markaðs- og kynningarmál erlendis í höndum Markaðsráðs ferðaþjónustunnar. Er líða tók á árið 2002 lá fyrir að Markaðsráðið myndi ekki starfa nema til ársloka og því ljóst að fara þyrfti aðrar leiðir við markaðsstarfið fyrir árið 2003.

Í nóvember sl. óskaði Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra, eftir því við Magnús Oddsson ferðamálastjóra og Jakob Fal Garðarsson, aðstoðarmann sinn, að þeir ynnu fyrir sig hugmyndir að notkun þessara 300 milljóna. Í þeirri vinnu leituðu þeir víða fanga. Meðal annars leituðu þeir álitis starfsmanna Ferðamálaráðs í markaðsmálum, innanlands sem erlendis, og kynntu sér hugmyndir og áherslur Samtaka ferðaþjónustunnar í þessum málaflokki. Að teknu ákveðnu tilliti til þessara hugmynda og fleiri atriða lögðu ferðamálastjóri og aðstoðarmaður ráðherra ákveðnar hugmyndir fyrir ráðherra um notkun og fyrirkomulag þessa markaðsstarfs á árinu 2003. Þær tillögur tóku breytingum í meðförum ráðuneytis, voru einnig kynntar á fundi Ferðamálaráðs í lok janúar sl. og í byrjun febrúar var endanleg ákvörðun tekin um fyrirkomulag og framkvæmd.

Samstarf - ekki styrkir

Hvað varðar hugmyndafræðina þá var sú leið farin að nýta 202 milljónir, af þeim 300 sem voru veittar af opinberri hálfu til markaðsstarfs á árinu 2003, til samstarfsverkefna í almennri landkynningu á 4 markaðssvæðum erlendis næstu 11 mánuði. Var auglýst eftir samstarfsaðilum þann 6. febrúar sl. Vegna þess að margoft hefur verið rætt í fjölmiðlum undanfarið um styrki og styrkveitingar til markaðsmála skal sérstaklega undirstrikað að í umræddri auglýsingu var tekið fram að ekki væri um styrki að ræða. Verið var að auglýsa eftir samstarfsaðilum, sem væru reiðubúnir að koma að almennri landkynningu erlendis með Ferðamálaráði og leggja til þess fjármuni a.m.k. jafnmikla og hið opinbera, í þeim tilgangi að upphæð-

in myndi a.m.k. tvöfaldast og kynningin yrði þannig öflugri fyrir heildina. Þetta er einmitt í anda þess sem greinin hafði lagt áherslu á að yrði gert. Um er að ræða samstarf um almenna kynningu sem hvetur fólk til Íslandsferða. Var hugsunin sú að fá fjármagn frá stórum og smáum fyrirtækjum innan greinarinnar sem kæmi til viðbótar þeirri kynningu sem fyrirtækin sinna á sínum forsendum.

Fjögur markaðssvæði

Eins og sagt var hér að framan var fjármunum skipt á fjögur markaðssvæði. Í grundvallaratriðum var skiptingin þannig að á



Fjármunir hins opinbera til markaðssóknar íslenskrar ferðaþjónustu hafa ekki áður verið meiri á einu ári.

hverju markaðssvæði vara annars vegar um að ræða tvö samstarfsverkefni þar sem lágmarksframlag væntanlegs samstarfsaðila var 20 milljónir króna fyrir hvort verkefni. Hins vegar var hægt að sækja um fyrir nokkur minni samstarfsverkefni þar sem lágmarksframlag hvers samstarfsaðila var 1 milljón króna. Til minni verkefnanna voru samtals 8 til 18 milljónir króna til ráðstöfunar á hverju svæði. Umsóknir sem bárust innan auglýsts frests, og voru því teknar til skoðunar, voru alls 146. Þær skiptust þannig á markaðssvæðin:

Norður-Ameríka: 36 umsóknir
Norðurlönd: 38 umsóknir
Bretlandseyjar: 28 umsóknir
Meginland Evrópu: 44 umsóknir

400 milljónir króna til landkynningar

Að loknum umsóknarfresti voru umsóknir flokkaðar eftir markaðssvæðunum fjórum sem miðað var við í auglýsingunni. For-

stöðumaður markaðssviðs Ferðamálaráðs fór síðan yfir umsóknirnar með viðkomandi sérfræðingum stofnunarinnar á hverju svæði, þ.e. Bretlandi, N.-Ameríku og á meginlandi Evrópu. Enginn starfsmaður er á vegum stofnunarinnar á Norðurlöndum. Eftir yfirferð þessara sérfræðinga á umsóknunum og að fengnum tillögum þeirra tók ferðamálastjóri ákvörðun um til hvaða samstarfs yrði gengið, á grundvelli umsókna og með vísan til texta auglýsingarinnar.

Ákveðið var að ganga þá þegar til samstarfs um notkun 185 milljóna af þeim 202 milljónum sem voru til ráðstöfunar í þetta samstarf erlendis, eða alls 22 samstarfsverkefni. Jafnframt var ákveðið að ganga til samstarfs við fleiri aðila til að nýta þær 17 milljónir sem eftir voru. Með þessu samstarfi verða því alls nýttar rúmlega 400 milljónir í almenna kynningu á markaðssvæðunum fjórum á næstu 11 mánuðum, þegar framlagi samstarfsaðila er bætt við. Lista yfir þá aðila sem gengið var til samstarfs við og lýsingu á verkefnum má finna á vef Ferðamálaráðs, www.ferdamalarad.is

Unnið að frekari þróun

Í athugasemdum og ábendingum sem settar hafa verið fram vegna ákvörðunar um ráðstöfun þessara fjármuna hefur verið bent á nokkur atriði sem eðlilegt er að skoða betur og er nú unnið að frekari þróun aðferðafræðinnar til að reyna að koma í veg fyrir þann misskilning sem kom upp hjá nokkrum aðilum um eðli umræddra samstarfsverkefna. M.a. verði hugað að sérstökum upplýsingafundum með væntanlegum umsækjendum og unnin verði sérstök umsóknareyðublöð. Þá verði auglýst eftir væntanlegum samstarfsaðilum fyrr en nú var gert. Hafa verður í huga að á þessari stundu liggur ekkert fyrir um hvort hliðstæðir fjármunir verði á fjárlögum næsta árs til þessara verkefna.

Samstarf vegna auglýsinga innanlands

Þeirri hugmyndafræði sem lýst er hér á síðunni um markaðssetningu Íslands erlendis, og stundum er kölluð „króna á móti krónu“, var beitt með góðum árangri á innanlandsmarkaði haustið 2002 þegar Ferðamálaráð bauð íslenskum fyrirtækjum til samstarfs um gerð og birtingu auglýsinga er hvöttu landsmenn til ferðalaga innanlands. Um



var að ræða framhald af herferðinni „Ísland - sækjum það heim“ sem var í gangi sl. sumar. Verkefnið tókst vel og því eðlilegt að halda áfram á sömu braut.

Í lok mars sl. var auglýst eftir samstarfsaðilum um gerð og birtingu auglýsinga með áður nefnt markmið og ákveðið að verja 15 milljónum króna til verkefnisins á tímabilinu 15. maí 2003 til 30. apríl 2004. Fjármunum Ferðamálaráðs var skipt í 20 hluta; 10 að fjárhæð ein milljón króna og 10 að fjárhæð 500.000 krónur. Lágmarksframlag þeirra sem vildu taka þátt var jafnhá upphæð í hverjum hluta. Hver aðili gat einungis boðið í einn hlut.

Umsóknir voru 30 talsins og flestar uppfylltu skilyrði um samstarf um auglýsingar. Ákveðið var að ganga til samstarfs við 20 umsækjendur og er móttframlag þeirra alls 31 milljón króna. Að viðbættum 15 milljónum króna frá Ferðamálaráði er heildarupphæðin því 46 milljónir króna. Á veg Ferðamálaráðs, www.ferdamalarad.is má finna lista yfir samstarfsaðila.

Ferðamál í nýjum stjórnarsáttmála

Athygli vekur að í þeim kafla stefnuýfirlýsingar ríkisstjórnarinnar sem fjallar um ferðamál er Ferðamálaráðs sérstaklega getið. Orðrétt segir að markmið flokkanna hvað varðar ferðamál séu: „Að nýta sóknarfæri ferðapjónustunnar eins og kostur er. Greininni verði sköpuð sambærileg rekstrarskilyrði og í samkeppnislöndunum. Ferðamálaráð vinni náið með aðilum í greininni að markaðsstarfi og framþróun með það að markmiði að þjónusta við ferðamenn verði heilsársatvinnugrein og skapi þannig fleiri örugg og vel launuð störf.“

Hvernig líst þeim á sumarið?

Viljum fjölga Íslendingum í hvalaskoðunarferðum

„Ég er mjög ánægður með aðsóknina að safninu það sem af er árinu en hins vegar skilst mér að hvalaskoðunarvertíðin hafi farið heldur hægar af stað en í fyrra,“ segir Ásbjörn Björgvinsson hjá Hvalamiðstöðinni á Húsavík, er hann var spurður um umferð ferðafólks.

Hvalasafnið, sem opnað var í nýju húsnaði 15. júní í fyrra, sló svo sannarlega í gegn og að sögn Ásbjörns komu 18.300 gestir í heimsókn það sem eftir lifði ársins. „Ég geri mér vonir um að sjá 20 þúsund gesti í sumar sem á að vera raunhæft miðað við viðtökurnar í fyrra. Hvað varðar hvalaskoðunina þá gerum við okkur vonir um að ná til fleiri Íslendinga í sumar en verið hefur. Þeir eru aðeins um 10% af gestunum þannig að segja má að innanlandsmarkaðurinn sé óþlæggður akur. Nú er að fara af stað kynningarátak innanlands en Hvalaskoðunarsamtök Íslands eru meðal aðila sem Ferðamálaráð efnir til samstarfs við í sumar um auglýsingar á íslenski ferðapjónustu. Fjármunirnir verða notaðir til almennrar kynningar á hvalaskoðun og ég bíð spennur eftir að sjá árangur þess.“

Ásbjörn gegnir formennsku í Ferðamálasamtökum Norðurlands eystra og segir hann almenna bjartsýni ríkjandi með sumarið. „Nú er Dettifossvegur búinn að vera opin í tvo mánuði sem skilar aukinni umferð um svæðið. Í lok júní verður afmælishátíð þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum og verður tækifærið notað til að kynna svæðið. Þá get ég nefnt uppbyggingu gestastofu í þjóðgarðinum þannig að það er margt í gangi,“ segir Ásbjörn.

Eigum gott sumar í vændum

„Á þessari stundu bendir ekkert til annars en að við eigum gott sumar í vændum. Bókanir eru í ágætu horfi og þótt ekki sé hægt að sjá með svo löngum fyrirvara hvort allir skili sér þá er ég ágætlega bjartsýnn,“ segir Hlynur Jónsson hjá KEA Hótelum. Undir því samheiti reka Hlynur og félagar 5 hótél,



Ásbjörn Björgvinsson.

þ.e. Hótel KEA, Hótel Hörpu og Hótel Norðurland á Akureyri, Hótel Gíg í Mývatnssveit og Hótel Björk í Reykjavík. Jafnframt eiga þeir og reka veitingahúsið Greifann á Akureyri.

Hlynur segir fara ágætlega saman að vera með þetta mörg hótél í rekstri. Það auðveldi markaðsstarf og auki hagkvæmni á ýmsum sviðum. Hann segir bókanir í júní vera með hefðbundnum hætti. Þó virðist sem „sumarið hafi byrjað fyrir í Mývatnssveit en verið hefur“, eins og hann orðar það. Hótel Gígur bættist inn í reksturinn í fyrravor og segist Hlynur merkja aukningu þar.

Veðrið hefur skilanlega veruleg áhrif á ferðalög fólks og þar með á ferðapjónustuaðila. „Það er allaf spurning hvar þessi svokallaða „lausatráffik“ lendir. Veðrið hefur reyndar mun minni áhrif í gistingunni en veitingarekstrinum. Þar fær maður veðrið beint í æð, ef svo má segja,“ segir Hlynur.

Aukning í bókunum

„Sumarið leggst bara vel í okkur. Við erum að sjá heilmikla aukningu í bókunum í lengri ferðir þannig að þetta lítur bara vel út,“ segir Hróðmar Bjarnason hjá Eldhestum. Fyrirtækið hefur starfað frá árinu 1987 og er meðal leiðandi aðila hérlendis á sviði hestaferða.

Eldhestar bjóða bæði lengri og styttri ferðir og segir Hróðmar að bókanir í styttri ferðir gangi einnig ágætlega. Þó sé erfiðara að spá fyrir um þróunina í þeim þar sem fyrirvarinn á bókunum sé jafnan mun styttri en í löngum ferðum. Umsvif Eldhesta eru mikil á meðan ferðamannatíminn stendur sem hæst en þá eru á milli 40 og 50 manns sem koma að starfsemi.

Í fyrrasumar var opnað nýtt og glæsilegt hótél við höfuðstöðvar fyrirtækisins að Völlum í Ölfusi og rekstur þess gengur að sögn Hróðmars samkvæmt áætlun. „Bókanir hafa aukist mikið frá því í fyrra, sem eðlilegt er þar sem þá vorum við á fyrsta ári. Almennt heyrir mér ferðapjónustuaðilar hér á Suðurlandi láta vel af sér og hér hefur auðvitað víða verið mikil uppbygging. Margir vilja meina að á Suðurlandi sé mesti vaxtarbroddurinn í ferðapjónustunni og nú bíðum við bara eftir Suðurstrandarvegi. Þá getur fólk komið beint á Suðurland frá Keflavíkurflugvelli,“ segir Hróðmar.



Hlynur Jónsson.



Hróðmar Bjarnason.

Fjölþætt hlutverk Félags ferðamálafultrúa

Félag ferðamálafultrúa á Íslandi (FFÍ) var formlega stofnað þann 12. október 2000 en fyrir þann tíma höfðu ferðamálafultrúar hist reglulega til að ráða ráðum sínum. FFÍ er m.a. vettvangur fyrir samstarf, faglega umræðu og fræðslu stéttarinnar. Formaður félagsins er Jón Halldór Jónasson, ferðamálafultrúi Hafnarfjarðar, og með honum í stjórn eru Auróra G. Friðriksdóttir, ferðamálafultrúi Vestmannaeyja, og Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafultrúi Uppsveita Árnessýslu.

Jón Halldór segir eitt af meginmarkmiðum félagsins vera að veita félagsmönnum stuðning í störfum þeirra enda sýni reynslan að ferðamálafultrúar og forstöðumenn

upplýsingamiðstöðva hafi enst betur í starfi eftir að félagið var stofnað. „Ferðamálafultrúar eru í mörgum tilfellum að vinna einir og undir miklu álagi í erilsömu og fjölþættu starfi. Því er afar mikilvægt að geta leitað sér stuðnings hjá öðrum sem standa í sömu sporum,“ segir Jón Halldór.

Alþjóðlegt samstarf og fræðslumál

Alþjóðlegt samstarf er einnig meðal hlutverka félagsins og er FFÍ aðili að EUTO (European Union of Tourist Officers). Mun FFÍ halda alþjóðlega ráðstefnu EUTO á Íslandi haustið 2004. Stöðugt er unnið að menntunar- og fræðslumálum, með það að

markmiði að auka hæfni félagsmanna, og er FFÍ aðili að fjölþættri menntunar og þjálfunaráætlun EUTO sem hefst í haust. „Síðastliðið haust stóð félagið fyrir 17 manna ferð á ráðstefnu EUTO sem haldin var í Skotlandi og í tengslum við ferðina var einnig sett upp námskeið fyrir ferðamálafultrúa frá Íslandi. Skotlandsferðin var afar fróðleg og mikilvægt fyrir okkur að geta kynnst af eigin raun hvernig aðrir eru að vinna. Fræðslumál eru okkur mjög hugleikin og mikilvægt að efla þann þátt,“ segir Jón Halldór.



Jón Halldór Jónasson, ferðamálafultrúi Hafnarfjarðar.

Hvernig líst þeim á sumarið?

Bjart framundan

„Hér fór allt á fullt frá 1. júní og verður þannig út 1. viku í september a.m.k. Júní virðist koma áberandi betur út en í fyrra og einnig hefur verið hér



Ásmundur Gíslason.

þó nokkur slæðingur af fólki frá því í apríl,“ segir Ásmundur Gíslason í Árnanesi í Hornafirði. Í Árnanesi er, auk gistingar, veitingastaður, listagallerí og hestaleiga.

Ásmundur er jafnframt formaður Ferðamálasamtaka Austurlands og hvað varðar svæðið í heild segist Ásmundur meta stöðuna þannig að sumarið í ár líti betur út en í fyrra. „Almennt heyrst mér vera gott hljóð í fólki hér um slóðir. Það er ekki þar með sagt að við séum að sjá einhverja mikla aukningu heldur frekar öruggan stíganda upp á við. Ný og stærri Norræna er auðvitað að koma með fleira fólk inn á svæðið en áður og beint flug LTU til Egilsstaða, sem hófst í fyrra, er að skila betri árangri en þá. Því má segja að við hér fyrir austan búum óvenju vel með þessar tvær innkomuleiðir ferðafólks til landsins. Í tengslum við þær hefur líka átt sér stað mikil markaðssetning á meginlandi Evrópu sem á eftir að skila sé um allt land. Ferðalög fólks vegna virkjanaframkvæmdanna eru einnig að skila sér inn í ferðþjónustuna á svæðinu með auknum þunga. Það er því gott hljóð í okkur og bjart framundan,“ segir Ásmundur.

Mikil aukning

„Sumarið 2003 leggst mjög vel í okkur. Við fluttum hluta af starfsemi okkar til Íslands í vor og skiptum upp rekstrinum hér heima annarsvegar í Viator sumarhúsamiðlunina Pétur Óskarsson. og hinsvegar Katla DMI sem er móttökuferðaskrifstofa fyrir erlenda ferðamenn,“ segir Pétur Óskarsson hjá Katla Travel.



Pétur Óskarsson.

„Stóra breytingin og sú sem er mest spennandi er mikil aukning á leiguflugi okkar til Íslands frá Þýskalandi og Austurríki og þrátt fyrir rúmlega 16 þúsund flugsæti til Íslands í ár samanborið við tæp 7.000 í fyrra er sætanýtingin nánast sú sama. Fjöldi gesta í hótelferðir á okkar vegum hefur rúmlega tvöfaldast miðað við árið í fyrra og meðalverð á hvern gest á okkar vegum hefur hækkað umtalsvert. Hlutfall þeirra gesta sem kaupa af okkur þjónustu eins og hótelferð, bílaleiguför eða þessháttar, til viðbótar fluginu, hefur líka aukist mikið.“

Pétur segir að niðursveifla í efnahagslífinu í Þýskalandi, lungnabólga, stríð og önnur óáran undanfarnar vikur virðist ekki ætla að koma niður á íslensku ferðþjónustu sem boðin er í Þýskalandi. „Þvert á móti erum við að upplifa algjöran „Íslandsboom“ á þessu svæði. Okkar áhyggjuefni er afkoma samstarfsaðila okkar á landsbyggðinni þar sem mikið vantar uppá að rekstrargrundvöllurinn sé tryggður. Gestir okkar eru fyrst og fremst á ferðinni út á landi, þess vegna höfum við áhyggjur af þessari þróun og lítum á hana sem helstu ógnina í rekstrarumhverfi okkar.“

Gæðakröfur á upplýsingamiðstöðvar

Gæðamál hafa mjög verið til umfjöllunar á meðal félagsmanna FFÍ og tengjast að sögn Jóns Halldórs menntunarmálum með nánum hætti. „Vilji okkar stendur til þess að settar verði gæðakröfur á upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn og aðeins þær miðstöðvar sem standast þær verði kynntar af hinu opinbera. Einnig að kröfur um menntun starfsfólks verði auknar. Ég get nefnt í þessu sambandi að í samvinnu við Bygðastofnun er nú í vinnslu könnun á starfs- og rekstrarumhverfi upplýsingamiðstöðva og verður fróðlegt að sjá niðurstöður hennar.“

Stefnumótun mikilvæg

Jón Halldór segir því ekki að leyna að FFÍ hafi áhyggjur af þróun sem átt hefur sér stað hjá sumum sveitarfélögum síðustu misseri þar sem störf ferðamálafultrúa hafa verið lögð niður. Því miður virðist sem sveitastjórnir geri sér oft ekki grein fyrir þeim auði sem tapist þegar klippt sé á margra ára uppbyggingarstarf með þessum hætti.

„En við í FFÍ horfum ótraud fram á veginn og erum stöðugt að velta fyrir okkur hvernig hægt væri að koma málum fyrir með betri hætti. Hugmyndir sem kynntar voru á síðustu Ferðamálaráðstefnu, í skýrslunni „Auðlindin Ísland“, um að skipta landinu upp í markaðssvæði, teljum við allar athygli verðar og vill félagið gjarnan leggja sitt af mörkum við nánari útfærslu þeirra. Almennt séð er mikilvægt að huga betur að stefnumótun til framtíðar, bæði fyrir landið í heild og einstök svæði,“ segir Jón Halldór.

Maðurinn á bak við nafnið

Eins og fram kemur á öðrum stað í fréttabréfinu var Ársæll Harðarson ráðinn forstöðumaður markaðssviðs Ferðamálaráðs. Því er ekki úr vegi að heyra hver maðurinn er og hvað hann hefur að segja um verkefni hins nýstofnaða markaðssviðs. Ársæll Harðarson er rekstrarhagfræðingur og MBA frá Copenhagen Business School og hefur starfað í íslenskri ferðaþjónustu um árabil. Hann var m.a. fyrsti framkvæmdastjóri Ráðstefnuskrifstofu Íslands við stofnun hennar 1992. Ársæll hefur verið búsettur í Danmörku mörg undanfarin ár og lengst af verið framkvæmdastjóri Icelandair í Danmörku.

Mikilvægi Ferðamálaráðs

Hann segir nýja starfið leggjast vel í sig. „Það er spennandi að takast á við þetta mikla starf, að vinna að markaðssetningu á Íslenskri ferðaþjónustu. Ferðamálaráð hefur áratuga reynslu og hefð við slík störf og ég hef unnið árum saman í samstarfi við starfsmenn Ferðamálaráðs. Það hefur ávallt gengið vel og ég er vel meðvitaður um mikilvægi þess að Ferðamálaráð sé samnefni í erlendri markaðssetningu á Íslandi sem áfangastað fyrir ferðamenn og einnig sem landi hreinleika, stórbrotinnar náttúru og menningar.“ segir Ársæll.

Hann bætir við að það hafi þó komið sér á óvart hve viðamikil starfsemi fer fram hjá Ferðamálaráði, þótt starfsmenn séu ekki fleiri en raun ber vitni. „Skrifstofur FMR erlendis, í New York og Frankfurt, sinna t.d. feiknamiklu og skilvirku starfi fyrir Íslands

hönd. Þar er merki Íslands haldið á lofti gagnvart fjölmiðlum og samstarfsaðilum á þann hátt að jákvæð umfjöllun um Ísland verður ekki metin til fjár.“

Fleiri skrifstofur

Sem kunnugt er stendur til að opna skrifstofu í Kaupmannahöfn í árslok sem Ársæll segir tímabært skref. „Sjálfur tel ég að skoða ætti að opna einnig skrifstofu í London og í Asíu. Ferðaþjónustan verður stóriðja Íslands þessarar aldar og við eigum að hugsa djúft og stórt. Þannig hefur öll ferðaþjónusta byggst upp á síðustu öld, með frumkvöðlum í flugi, ferðaskrifstofurekstri, hótélum og afþreyingu og nú síðast með mikilli uppbyggingu í stórbrotnum söfnum og menningarviðburðum.“

Hann segir margt hafa breyst í íslenskri ferðaþjónustu síðustu 5 árin og nánast allt til bóta. „Það hafa stórstígar framfarir átt sér stað á hótelsviðinu, gæðaflokkun gististaða, fjárfestingin í Nordica-hótelinu markar tímamót í aðstöðu fyrir ráðstefnur og fyrirtækjafundi, ný Norræna er metnaðarfullt verkefni og svo verð ég að lýsa aðdáun minni á safnafólkinu sem hefur byggt upp frábær söfn um allt land. Það kemur skemmtilega á óvart og mun að mínu mati reynast heilladrjúgt fyrir markaðssetningu á landsbyggðinni, einnig utan háannar.“

Mikilvægustu verkefni

Að lokum var Ársæll beðinn að nefna hver hann teldi mikilvægustu verkefni framundan í íslenskri ferðaþjónustu. „Að mínu mati verður að halda áfram að markaðssetja



Ársæll Harðarson, forstöðumaður markaðssviðs Ferðamálaráðs.

Ísland með beinum hætti á mikilvægustu mörkuðum okkar. Við erum í vaxandi samkeppni um viðskiptavinum og megum ekki slaka á. Við höfum byggt upp góða reynslu og fáum oftast meira fyrir markaðsþeninginn en keppinautarnir. Ég vona að stjórnvöld haldi áfram að styðja við þessa ungu atvinnugrein með beinum hætti þrátt fyrir að stundum séu skiptar skoðanir um aðferðir. Það er bara merki um metnað og áhuga að takast á um aðferðafræði og það mun líka skila sér til baka. Við eigum einnig að leggja grunninn að kynningum á nýju mörkuðunum í Asíu fyrir framtíðina. Svo eigum við Íslendingar að hvetja til samstarfs svæða á landsbyggðinni og styðja við bakið á þróun safna, afþreyingu og menningarviðburða utan höfðuborgarsvæðisins. Það er af nógu að taka,“ segir Ársæll Harðarson að lokum.

Höfuðborgarstofa tekin til starfa:

Miðstöð viðburða og ferðamála

Höfuðborgarstofa, ný stofnun Reykjavíkurborgar sem tók til starfa um síðustu áramót, hefur komið sér vel fyrir í Aðalstræti 2 (Geysishúsi) sem farið er að nefna Ingólfsnaust. Upplýsingamiðstöð ferðamanna er þar nú til húsa eftir að Höfuðborgarstofa tók við rekstri hennar en um er að ræða eina af svonefndum landslutamiðstöðvum þar sem rikið leggur fé til rekstrarins.

Verkefni Höfuðborgarstofu eru þrjúþætt: Almenn ferða- og kynningarmál Reykjavíkur, rekstrur Upplýsingamiðstöðvar ferðamála í Reykjavík og einnig ber hún ábyrgð á skipulagi og framkvæmd ýmissa lykilver

burða á vegum borgarinnar, s.s. Vetrarhátíðar, Menningarnætur, Aðventuhátíðar ofl. Svanhildur Konráðsdóttir veitir Höfuðborgarstofu forstöðu, Dóra Magnúsdóttir er



Höfuðborgarstofa í Aðalstræti 2.

verkefnisstjóri ferða- og markaðsmála og Sif Gunnarsdóttir er verkefnisstjóri viðburða.

Nýtt vefsvæði

Þegar Höfuðborgarstofa flutti í nýtt húsnæði í apríl sl. var einnig opnað nýtt ferðavefsvæði Reykjavíkurborgar á slóðinni www.visitreykjavik.is. Það veitir erlendum ferðamönnum upplýsingar um ferðamöguleika til Íslands með sérstakri áherslu á höfuðborgina og nálæg svæði. Gerð er grein fyrir fjölbreytni í gistingu, veitingastöðum, afþreyingu, skemmtun, menningu og náttúru á svæðinu með sérstakri áherslu á þann hreinleika og kraft sem einkennir Ísland. Þar verður einnig ítarlegt viðburðadagatal.

Talning ferðamanna eftir þjóðerni

Frá árinu 1949 annaðist Útlendingaefitritið talningar á ferðamönnum sem komu erlendis frá en í árslok 2000 hættu þær vegna Schengen samkomulagsins. Engar talningar voru í gangi árið 2001 en í febrúar 2002 hóf Ferðamálaráð brottfarartalningar í Leifsstöð með nýrri aðferð. Undir liðnum Upplýsingar>Tölfræði á vef Ferðamálaráðs, www.ferdamalarad.is má nálgast niðurstöður hvers mánaðar úr þessum talningum og hvernig gestir skiptast eftir löndum

Flokkun tjaldsvæða

Að forgöngu Ferðamálaráðs hefur að undanförunni verið unnið að reglum um flokkun tjaldsvæða. Tilgangurinn er að auðvelda ferðalöngum að átta sig á þeirri þjónustu sem í boði er á viðkomandi stað og vera rekstraradilum stuðningur við uppbyggingu tjaldsvæðis. Á vegum vinnuhóps sem falið var að undirbúa málið er verið að semja flokkunarreglur og er stefnt á að kynna þær fljótlega.

Þolmörk á Lónsöræfum

Þann 12. júní var kynnt skýrsla um þolmörk ferðamennsku í friðlandi á Lónsöræfum. Lónsöræfi voru einn af fimm vinsælum ferðamannastöðum þar sem Ferðamálaráð, í samstarfi við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri, lét gera rannsóknir á þolmörkum ferðamennsku. Hinir staðirnir eru Landmannalaugar,

Mývatnssveit, Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum og Þjóðgarðurinn í Skaftafelli en rannsóknarskýrsla fyrir síðastnefnda staðinn kom einmitt út sl. vor. Skýrslurnar eru aðgengilegar á vef Ferðamálaráðs, www.ferdamalarad.is undir liðnum „Útgáfa>Kannanir/skýrslur“

Sturla áfram ráðherra ferðamála

Sturla Bóðvarsson gegnir áfram stöðu samgönguráðherra í nýrri ríkisstjórn sem tók við völdum um miðjan maí sl. Undir samgönguráðherra heyrir sem kunnugt er yfirstjórn ferðamála.

Ragnhildur skipuð ráðuneytisstjóri

Ragnhildur Hjaltadóttir var skipuð í embætti ráðuneytisstjóra samgönguráðuneytisins frá og með 1. júní sl. Hún var áður skrifstofustjóri ráðuneytisins.



Fréttabréf Ferðamálaráðs Íslands,
1. tbl. júní 2003
Ábm.: Magnús Oddsson
Ljósmyndir: Ferðamálaráð,
Haukur Snorrason, Jóhann Ísberg o.fl.

Prentvinnsla: Alprent, Akureyri
*Heimilt er að nota efni fréttabréfsins,
þó þannig að heimilda sé getið.*
www.ferdamalarad.is
- www.icetourist.is

Líflegt hjá Ráðstefnuskrifstofunni

„Hér hefur verið í mörg horn að líta og fyrri hluti ársins verið einkar líflegur, segir Rósbjörg Jónsdóttir, verkefnisstjóri hjá Ferðamálaráði, en hún sinnir verkefnum Ráðstefnuskrifstofu Íslands. Ísland virðist stöðugt festa sig betur í sessi sem áfangastaður til ráðstefnuhalds og hvataferða en hlutverk Ráðstefnuskrifstofunnar er einmitt að markaðsetja Ísland á alþjóðmarkaði í þessu tilliti.

Nýtt fréttabréf Ráðstefnuskrifstofunnar kom út í mars sl. og var vel tekið að sögn Rósbjargar. Blaðinu er einkum ætlað að vekja athygli væntanlegra ráðstefnugestgjafa á landinu og gera grein fyrir þeirri fagþekkingu sem aðstandendur skrifstofunnar búa yfir þegar skipulagning ráðstefna og hvataferða er annars vegar. Í blaðinu er fjallað um hina ýmsu þætti er við koma ráðstefnuhaldi og þjónustu því tengdu.



Rósbjörg Jónsdóttir að kynna aðstöðu til ráðstefnuhalds á Íslandi á „Experience Iceland“ námsstefnunni.

„Experience Iceland“ komin til að vera

Í byrjun mars var námsstefnan „Experience Iceland-incentive & convention seminar“ haldin í annað sinn en að henni stóðu Ráðstefnuskrifstofa Íslands og Icelandair. Til stefnunnar var boðið vænlegum kaupend-

um ráðstefnu- og hvataferða víða að og voru viðbrögðin mjög góð því kaupendur voru um 70 talsins frá 10 löndum. „Upplifun og reynsla er það sem við höfum að leiðarljósi við skipulagninguna enda hefur Ísland margt að bjóða fyrir þennan hóp kaupenda. Við erum „öðruvísi“ og höfum ákveðinn ferskleika sem menn eru einmitt að sækjast eftir þegar ráðstefnur og hvataferðir eru annars vegar. Ég held að það sé engin spurning að „Experience Iceland“ er viðburður sem er kominn til að vera,“ segir Rósbjörg.

Góðar viðtökur á sýningum

Ráðstefnuskrifstofan hefur tekið þátt í nokkrum sýningum erlendis í vetur og að sögn Rósbjargar hafa viðtökur á þeim verið einkar góðar. Sérstaklega nefnir hún IMEX

í Frankfurt, nýja fagsýningu sem haldin var í fyrsta skipti í apríl sl., og EBTM í Genf, sem lauk ekki alls fyrir löngu. Á döfni eru ýmsir viðburðir en hápunktur ársins verður í desember nk. þegar SITE (The Society of Incentive and Travel Executives), alþjóðlegt fagfélag þeirra sem koma að hvataferðum, heldur árlega ráðstefnu sína í Reykjavík.

Styrkir til úrbóta

Á undanförunum árum hefur Ferðamálaráð Íslands veitt styrki til úrbóta í umhverfismálum á ferðamannastöðum. Að þessu sinni var hægt að sækja um styrki til úrbóta á ferðamannastöðum um allt land en heildarupphæðin sem var til úthlutunar var hækkuð verulega frá fyrra ári, eða úr 6 milljónum króna í 10 milljónir króna.

Að þessu sinni bárust 160 umsóknir þar sem sótt var um styrki til um 180 verkefna en alls nam heildarupphæð styrkumsókna 125 milljónum króna. Við úthlutunina nú var haft til viðmiðunar að styrkja verkefni sem draga úr mengun, auka öryggi ferðafólks eða bæta aðgengi hreyfihamlaðra.



Einnig var lítið til verkefna sem miða að bættri hreinlætisaðstöðu á stöðum þar sem ferðafólk nýtir sér aðeins þá þjónustu þótt fleira sé í boði.

Að þessu sinni hlutu 27 aðilar styrki og má nálgast upplýsingar um þá inn á vef Ferðamálaráðs, www.ferdamalarad.is